

Frá: Kennslumálanefnd Háskóla Íslands

Til: Skrifstofu rektors

Dags. 16.11.05

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem er 14. mál á 132. löggjafarþingi 2005–2006

Kennslumálanefnd hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum og leggur til að umsögn Háskóla Íslands um ofangreinda þingsályktunartillögu tiltaki eftirfarandi:

Það er óumdeilt verkefni nútímasamfélags að sjá sem allra flestum fyrir eðlilegum tækifærum til náms. Eðlilegur hluti af slíku starfi eru leiðbeiningar og aðgerðir sem stuðla að því að unglingar finni sér viðeigandi námsleiðir í samræmi við markmið sín en hrökklist ekki frá námi. Kennslumálanefnd telur að verkefni sem mælt er með í þingsályktunartillögunni séu skynsamleg og í samræmi við alþjóðlega þróun. Nefndin leggur áherslu á það sjónarmið sem fram kemur í tillögunni að viðeigandi upplýsingaöflun sé nauðsynlegur undanfari framkvæmda á sviðinu.

Háskóli Íslands menntar nú, einn skóla, námsráðgjafa á Íslandi. Þar fara líka fram þær rannsóknir á efninu sem hæst ber héraendis. Kennslumálanefnd telur að sú starfsemi hljóti að gegna lykilhlutverki bæði í ráðgjöf og upplýsingaöflun. Og ef niðurstaðan er sú að efla beri námsráðgjöf og fjölga námsráðgjöfum þá hlýtur menntun stéttarinnar og aðstaða í þeim eignum að skipta miklu um skipulag úrræða.

Þingsályktunartillagan ætlar starfsnefnd sem menntamálaráðherra skipar að

- kanna gildi aukinnar náms- og starfsráðgjafar sem úrræðis gegn brottfalli og fyrir farsælt náms- og starfsval.
- kanna ástæður þess að stór hluti nemenda velur bóknám, hver séu áhrif foreldra og kennara á náms- eða starfsval og hvaða hugmyndir grunnskólanemendur hafi um framhaldsnám og störf að námi loknu.
- bera saman náms- og starfsráðgjöf í helstu nágrannalöndum, svo og árangur ráðgjafar og annarra úrræða gegn brottfalli.
- Gera tillögur um aukna náms- og starfsráðgjöf og fyrirkomulag hennar ef niðurstöður hníga í þá átt.

Kennslumálanefnd bendir á að þarna er um að ræða mjög víðtækar upplýsingar á sviði rannsókna í námsráðgjöf og annarra félagsvísinda. Sumar þessara upplýsinga kunna að liggja fyrir en aðrar virðast krefjast sérstakra fræðirannsókna sem varla væru úrlausnarefni ráðherraskipaðrar nefndar.

Sérstakt framtak til að sporna við brottfalli úr skóla er skynsamlegt og tekst áreiðanlega best ef það byggist á rannsóknum og skilningi á íslenskum aðstæðum. Kennslumálanefnd telur blasa við að leitað sé samstarfs við þá sem gerst þekkja til í þessum eignum.

F.h. kennslumálanefndar/Sjg